

## **Reglur Eignavals A**

### **1. gr.**

#### **Heiti sjóðsins og rekstrarform.**

Nafn sjóðsins er Eignaval A. Kennitala sjóðsins er 511005-8840.

Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður.

Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi.

### **2. gr.**

#### **Fjárfestingarstefna sjóðsins.**

Markmið Eignavals A er að ávaxta fjármuni hlutdeildarskírteinishafa á virkan hátt með því að nýta sér fjárfestingar í þeim innlendu og erlendu sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem rekstaraðili telur best á hverjum tíma. Sjóðnum er heimilt að festa það fé, sem hann nýtir til fjárfestinga í öðrum sjóðum í sjóðum Stefnis hf, allt að 50%, sbr. 3. mgr. 39. gr. laga nr. 128/2011. Sjóðurinn hefur jafnframt heimild til að kaupa einstök skuldabréf og víxla útgefin af eða með ábyrgð íslenska ríkisins.

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðan-greindri töflu og 2., 4., og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, þ.e. aukið svigrúm fjárfestingarsjóða umfram verðbréfasjóði til fjárfestinga í einstökum útgefendum og heimild fjárfestingarsjóða til fjárfestinga í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu heldur en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum. Öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. 2. mgr. 59. gr. laganna er m.a. heimilt að fjármagna sig með lántökum og skortsölu. Verðbréfasjóðum er ekki heimilt að fjárfesta í slíkum sjóðum.

Samkvæmt 2. mgr. 59. gr. laganna má heildarfjárfesting í öðrum sjóðum en verð-bréfa-/fjárfestingarsjóðum ekki vera meiri en 20%. Auk þess má heildarfjárfesting í einstaka sjóði ekki nema meira en 20%.

Sjóðnum er heimilt skv. a-lið 1. tölul. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% eignum sjóðsins aðeins í einum útgefanda.

Sjóðnum er heimilt skv. b-lið 1. tölul. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 að binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis.

Sjóðnum er heimilt skv. c-lið 1. tölul. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 að binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt.

Sjóðnum er heimilt skv. d-lið 1. tölul. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 að binda allt að 35% í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum útgefnum af sama útgefanda en þá er einungis heimilt að fjárfesta yfir 20% í bréfum frá einum útgefanda. Þá er sjóðnum heimilt að binda allt að 30% af eignum sjóðsins í innlánum sama fjármálafyrirtækis. Samanlögð fjárfesting sjóðsins í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%.

Sjóðnum er heimilt skv. e-lið 1. töluliðar 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska

efnhagassvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér heimild 5. mgr. 59. gr. laganna til að fjárfesta meira en 30% af eignum sjóðsins í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum.

Aðrar fjárfestingarheimildir 59. gr. laganna er sjóðnum ekki heimilt að nýta.

Sjóðnum er ekki heimilt að fjárfesta í afleiðum. Sjóðurinn nýrir sér heimild til að fjárfesta í beint í bréfum útgefnum af ríki eða sveitarfélögum umfram 35% og allt að 50% sbr. 38. gr. laga nr. 128/2011.

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast að öðru leyti við fjárfestingarheimildir II. kafla laga nr. 128/2011. Fjárfestingarviðmið sjóðsins er að 100% af eignum sjóðsins sé í skuldabréfum og víxum í íslenskum krónum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins, auk innlána, ýmist beint eða í gegnum sjóði. Sjóðurinn má fjárfesta allt að 20% í innlendum skráðum skuldabréfum og víxum, útgefnum af fyrirtækjum, sveitarfélögum, fjármálfyrirtækjum (s.s. sértryggð skuldabréf) og öðrum fyrirtækjum, ýmist beint eða gegnum aðra sjóði.

Innlán	0-50%
Innlán fjármálfyrirtækja	0-50%
Sjóðir sem einkum fjárfesta í innlánum	0-50%
Skuldabréf og víxlar í íslenskum krónum útgefnar af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins	0-50%
Í verðbréfasjóðum sem eingöngu fjárfesta í skuldabréfum og víxum í íslenskum krónum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins	20-80%
Í fjárfestingarsjóðum sem eingöngu fjárfesta í skuldabréfum og víxum í íslenskum krónum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins	0-40%
Í sjóðum um sameiginilega fjárfestingu sem eingöngu fjárfesta í skuldabréfum og víxum í íslenskum krónum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins	0-20%
Innlend skráð skuldabréf og víxlar, útgefnum af fyrirtækjum, sveitarfélögum, fjármálfyrirtækjum (s.s. sértryggð skuldabréf) og öðrum fyrirtækjum	0-20%
Verðbréfa og fjárfestingasjóðir sem fjárfesta aðallega í innlendum skráðum skuldabréfum og víxum, útgefnum af fyrirtækjum, sveitarfélögum, fjármálfyrirtækjum (s.s. sértryggð skuldabréf) og öðrum fyrirtækjum	0-20%

### 3. gr. Rekstrarfélag, vörslufyrirtæki og söluáðili sjóðsins.

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011.

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Stefni hf. er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Auk verðbréfavörslu sinnir Arion banki hf. ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til Arion banka ýmsum lögbundum verkefnum Stefnis hf., s.s. að annast mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd Stefnis umsjón með verðmati á slíkum eignum í samvinnu við Arion banka. Samkvæmt sömu lagaheimild viðheldur Arion banki hf. skrá yfir eigendur

hlutdeildarskírteina, annast útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörlu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum Stefnis hf. engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Arion banki hf. annast og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög nr. 128/2011 og bókhaldslög. Bankinn sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal Arion banki hf. senda skýrslu til Seðlabanka og skýrslu til Fjármálaefstirlitsins reglulega í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum Arion banka ef efnið varðar þá þætti sem bankinn hefur tekið að sér samkvæmt samningnum.

Í lok hvers mánaðar sér Arion banki hf. um að greiða eignastýringar- og vörluþóknun fyrir sjóðina. Mánaðarlegt uppgjör sjóðanna, uppgjör til endurskoðenda, skýrslur til utanaðkomandi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdastjóra Stefnis hf. til umsagnar.

Arion banki hf. er söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina. Arion banki hf. annast markaðsetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti.

Stefnir rekur fjölmarga verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði. Félagið hefur gert samninga um þjónustukaup, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Slíkir samningar geta leitt til þess að afsláttur sé veittur af keyptri vörum eða þjónustu, sem viðskiptavinur og Stefnir skipta með sér. Slíkir samningar eru til hagsbóta fyrir sjóðina og þar af leiðandi fyrir hlutdeildarskírteinishafa þeirra. Afslættir eru misjafnir milli fyrirtækja og fara iðulega eftir því hversu mikla fjármuni er um að ræða í fjárfestingu hverju sinni. Frekari upplýsingar um framangreint er að fá hjá Stefni hf.

Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum rekstrarfélagsins og viðkomandi aðila.

#### 4. gr. Þóknunir

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 1% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 0,65% p.a. Heildar umsýsluþóknun þeirra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem sjóðurinn fjárfestir í skal að hámarki nema 1,5% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar þess sjóðs meðan hann er starfræktur.

Þóknun Arion banka hf. fyrir umsjón og vörlu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun Stefnis.

Söluþóknun rennur til Arion banka hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölu- og innlausnarþóknun er að hámarki samtals 2%. Söluþóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 0,5%. Innlausnargjald er í dag 0%.

Beinn útagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaefstirlits. Stefnir áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eiganstýringarkerfa, kostnað vegna áskrifstar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst og pappírkostnaðar og annars slíks. Gjaldsærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,05% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.



Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjánlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðsfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slik gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

**5. gr.**

**Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.**

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína. Þeir sem fá sjóðnum fjármuni fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki kaupdag, fjölda eininga og kaupverð.

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Stefni hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok þann dag sem fyrirmæli um slíkt berast söluaðila sjóðsins, svo lengi sem slík fyrirmæli berast fyrir lokunartíma sjóðsins. Að öðrum kosti skal líta svo á að fyrirmælin hafi borist næsta virka dag. Lokunartími sjóðsins er kl. 14:00 og uppgjör sjóðsins vegna kaupa miðast við t+2 en vegna sölu t+2, þ.e.a.s. uppgjörið á sér stað annan virka dag.

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 128/2011 uppfyllt.

**6. gr.**

**Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.**

Afborganir, vextir og annar hagnaður af verðbréfacing sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

**7. gr.**

**Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.**

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðinn er markaðsvirði samanlagðra eigna viðkomandi deildar að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgesinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

**8. gr.**

**Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.**



Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerninga sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit sjóðsins skal tekin af Stefni hf. Þá tekur Stefnir hf. ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans og skal sú dagsetning vera minnst þremur vikum eftir útsendingu tilkynningar.

Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélagið sendir út tilkynningu og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkir samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Stefnir hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefni hf. til vörlu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Arion banka hf. til vörlu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

Reykjavík, 1. júní 2006,  
með breytingum gerðum 4. mars 2007,  
26. maí 2008, 27. janúar 2009, 3. maí 2009, 23. desember 2009, 16. febrúar 2011, 9.  
nóvember 2011, 27. nóvember 2012, 14. mars 2014 og 23. september 2014.

*Steindur Ragnheiðarsson*  
*Jóhannes Úlfssons*  
*Haukur Guðmundsson*